

## **Skýrslu verkefnisstjórnar vegna aðgerða til úrbóta í barnaverndarstarfi og þjónustu fyrir börn og unglinga skilað til sviðstjóra velferðarsviðs 31. des. 2018.**

### **Samantekt og helstu niðurstöður**

Borgarráð samþykkti 22. mars 2018 tillögur velferðarráðs um aðgerðir til úrbóta í barnaverndarstarfi og annarri þjónustu sem snýr að starfsemi fyrir börn og unglinga. Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði 7. maí þau Guðnýju Björk Eydal, prófessor í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, (formaður), Þorgeir Magnússon, deildarstjóra á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Bryndísi Gestsdóttir, félagsráðgjafa í Barnavernd Reykjavíkur, í verkefnisstjórn vegna aðgerða til úrbóta í barnaverndarstarfi og þjónustu fyrir börn og unglinga. Verkefnisstjórnin fékk það hlutverk að fylgja eftir framkvæmd aðgerðaáætlunar og gera eftir atvikum tillögur að frekari úrbótum sem miða að því að tryggja öryggi barna sem dvelja í sólarhringsúrræðum Barnaverndar.

Verkefnisstjórn hefur lokið störfum og skilað skýrslu til sviðstjóra velferðarsviðs um framkvæmd áætlunarinnar. Lögð er áhersla á að skýrslu um framkvæmd og tillögur að frekari úrbótum verði eingöngu dreift innan Barnaverndar Reykjavíkur þar sem um er að ræða öryggisáætlanir sem ættu aðeins að vera aðgengilegar viðkomandi stjórnendum. Í meginatriðum hafa verið framkvæmdar tillögur sem aðgerðaáætlun kvað á um en verkefnisstjórn gerir einnig tillögur um frekari úrbætur, þ.á m. um að:

- Stjórnendum Barnaverndar Reykjavíkur verði falið að skoða möguleika á sérstöku símanúmeri fyrir Barnavernd, sí mavakt sé til staðar á skrifstofutíma og fagaðili taki ávallt á móti tilkynningum.
- Settar verði viðmiðunarreglur um tíðni samtala barnaverndarráðgjafa við börn sem þeir vinna með, tilgang þeirra, tilhögun o.fl.
- Efld verði leiðsögn og þjálfun barnaverndarstarfsmanna í að tala við börn um persónuleg og viðkvæm málefni.
- Skipaður verði trúnaðarmaður barna sem dvelja í sólarhringsúrræðum og að Barnavernd Reykjavíkur setji nánari reglur um hlutverk hans og vinnubrögð. Starfsmenn vinni áhættumat og öryggisáætlun fyrir sína stofnun/heimili.
- Til staðar sé handbók um verkferla og áherslur stofnana.
- Starfsmönnum sólarhringsúrræða verði skylt að sækja námskeið um forvarnir gegn ofbeldi og að stjórnendur hafi menntun sem nýtist í starfi með börnum og fjölskyldum.